



Dalapósturinn

11. tölublað, 5. árgangur
10.12.2012

Héraðsbókasafn Dalasýslu

Þriðjudaginn 11. desember kl. 17 mun Svavar Gestsson frá Grund á Fellsströnd lesa upp úr og árita nýja ævisögu sína.

Bólin heitir "Hreint út sagt" og hefur að geyma frásagnir úr einkalífi Svavars, m.a. uppvöxt hans á Fellsströndinni og í Reykjavík. Og síðan um þátttöku hans í stjórnmalasögu 20. aldar, ríkisstjórnarmyndanir, þingmál og margt fleira.

Íris Björg Guðbjartsdóttir mun lesa upp úr barnabókum þennan sama þriðjudag (11. desember) kl. 16. Þriðjudaginn 18. desember kl. 17 kemur Íris aftur á bókasafnið og spilar þá jólalög fyrir gesti safnsins.

Héraðsbókasafn Dalasýslu er opið á þriðjudögum kl. 15-19 og á fimmtudögum kl. 13-16.

Sælingsdalslaug

Sælingsdalslaug er opin þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga kl. 17-20. Auk þess er sérstaklega opið fyrir eldri borgara kl. 15:30-17 á þriðjudögum.

Sælingsdalslaug verður lokuð á jóladag 25. desember og annan í jólum 26. desember. Opið verður fimmtudaginn 27. desember kl. 13-16:30. Eftir áramót opnar aftur 2. og 3. janúar kl. 17-20.

Upplýsingar um opnunartíma Sælingsdalslaugar er að finna á heimasíðum Dalabyggðar (www.dalir.is) og Ungmennabúða- og tólmstundabúðanna (www.ungmennabudir.is)

Fjölskyldur og hópar geta haft samband við forstöðumann ef þeir óska eftir tíma í salnum eða að komast í sund í jólafríinu. Síminn er 861 2660 eða senda póst á netfangið laugar@umfi.is

Endurvinnslan

Endurvinnslan í Búðardal er opin á þriðjudögum kl. 15-18, fimmtudögum kl. 15-18 og laugardögum kl. 11-14.

Skrifstofa Dalabyggðar

Skrifstofa Dalabyggðar er opin alla virka daga kl. 10-14. Símatími er kl. 9-13 alla virka daga.

Ábyrgðarmaður: Sveinn Pálsson, sveitarstjóri.
Dalabyggð, Miðbraut 11, 370 Búðardalur
